

Hafnarfjarðarbær  
Dr. Bjarki Jóhannesson  
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar  
220 HAFNARFJÖRÐUR  
Sent á netfangið bjarki@hafnarfjordur.is


Reykjavíkurlugvelli, 10. desember 2013  
1311025ÍÓ

**Efni: Umsögn Isavia um tillögu að endurskoðun á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, 2005-2025**

Isavia ohf. vísar til bréfs 11. nóvember sl. þar sem félaginu er send tillaga að endurskoðun á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 til umsagnar. Isavia þakkar fyrir þetta tækifæri, en gerir ekki efnislegar athugasemdir við tillöguna. Félagið vill þó nota tækifærið og vekja athygli á skipulagsreglum fyrir Reykjavíkurlugvöll, sem settar eru skv. heimild í 59. grein laga um loftferðir, nr. 60/1998. Þar sem hér er um að ræða aðalskipulag tiltekur það ekki neinar hæðir og því er ekki hægt að greina eða gera athugasemdir vegna hindrana, en í skipulagsreglunum koma m.a. fram reglur um hindranafleti í nágrenni flugvallarins og á aðflugs- og fráflugleiðum að flugvelliinum. Þannig hafa hindranafletir í för með sér hæðartakmarkanir á byggingum og öðrum mannvirkjum á áhrifasvæði flugvallarins, sem nær m.a. til Hafnarfjarðar.

Isavia telur því að hæðartakmarkanir þessar og/eða tilvísun til skipulagsreglnanna þurfi að koma skýrt fram í deiliskipulaginu.

Virðingarfyllst,



Ingunn Ólafsdóttir  
Lögfræðingur